



Myndin var tekin þegar samningur um kaup á hóteleiningunni var staðfestur.

## 40 herbergja hótél reist í Reykholti, Biskupstungum

Félagið Stök gulrót ehf. hefur fest kaup á 40 herbergja hóteleiningu með góðri þvotta- og starfsmannaaðstöðu frá Moelven í Noregi. Húsið verður reist í Fagralundi þar sem fyrir er lítið gistihús. Lóðin er í Reykholti í Biskupstungum, á besta stað við Gullna hringinn. Áætlað er að hótelið verði opnað um miðjan júní 2021. „Fjölgun gistirýma á svæðinu er til þess fallin að styðja við aðra ferðatengda þjónustu og auka möguleika á að ferðamenn eyði lengri tíma í Bláskógabyggð,“ segir í tilkynningu frá sveitarfélaginu Bláskógarbyggð. -gpp



Vinningshafarnir frá Arkþing-Nordic og Eflu.

## Úrslit í hugmyndasamkeppni um framtíðaruppbyggingu á landi NLFÍ í Hveragerði

Náttúrulækningafélag Íslands (NLFÍ) í samvinnu við Arkitektafélag Íslands efndi í janúar 2020 til opinnar hugmyndasamkeppni um enduruppbyggingu Heilsustofnunar (HNLFÍ) og framtíðarskipulag á landi NLFÍ í Hveragerði þar sem starfsemi Heilsustofnunar er rekin. Leitast var eftir tillögum að heildarskipulagi sem innifelur m.a. endurnýjun á núverandi húsnæði Heilsustofnunar í áföngum, að hluta til eða öllu leyti. Dómnefndarfulltrúar voru tilnefndir af verkkaupa og Arkitektafélagi Íslands og hófust dómstörf í júní 2020 eftir að skilafresti tillagna

lauk. Þann 3. júlí sl. voru svo úrslitin gerð kunn. Alls bárust 11 tillögur en 1. verðlaun hlutu Arkþing-Nordic og Efla. 2. verðlaun Tark arkitektar og 3. verðlaun Andrúm arkitektar.

Í rökstuðningi dómnefndnar að vinningstillögunni segir: „Tillagan er vönduð, heilsteypt og vel unnin Lögð er sterk áhersla á umhverfið og norður-suður-ás, sem byggingarmassinn liggur að, er mótaður eftir bökkum Varmár. Göngustígar og upplifun af umhverfi Varmár er vel útfærð sem hluti af meðferð dvalargesta en getur einnig þjónað bæjarbúum án þess að trufla starfsemi

Heilsustofnunar og heilsudvalarstaðar. Umferðartengingar og bílastæði eru vel leyst og á austur-vestur-ási liggur sameiginlegur inngangur að Heilsustofnun og heilsudvalarstað. Aðalinngangurinn er vel heppnaður með góðar tengingar bæði við meðferðarkjarna, sundlaug og heilsulind. Beint útsýni að Varmá og meðferðargörðum gefur strax rétta tóninn. Tveggja hæða byggingarnar falla vel að umhverfinu jafnframt því að þetta byggðina og stytta vegalengdir.“ Vinnings-tillagan hlaut 4,5 milljónir í verðlaun. -gpp



Bryggjuháttíðin á Stokkseyri heppnað-ist vel. Myndasyrpa inni í blaðinu

Er potturinn klár fyrir sumarið?

20 ára  
2000-2020

PÍPULAGNIR  
HELGA

Háheiði 10, Selfossi  
S. 699 1985 / 823 6656



Austurvegi 69 // 800 Selfoss // 480 0400 // jotunn.is // jotunn@jotunn.is



Brúðargjafir  
Afmælisgjafir  
Sængurgjafir  
...og gjafir handa þér!

# Motivo

Hönnun, tíska og gjafavara

Austurvegur 9 Selfossi S.4821700 Motivo.is

# 82%

Sunnlendinga lesa  
Dagskrána í hverri viku

NEI 18%  
JÁ 82%

## UNDRALAGNIR

ÖLL ALMENN PÍPULAGNINGAÞJÓNSTA

SÍMI 8484768  
UNDRALAGNIR@GMAIL.COM  
JÓN KARL LINDAL PÍPULAGNINGAEMEISTARI

## Boggugarðar

- Trjá- og hekkklippingar
- Beðahreinsanir
- Garðaráðgjöf

**Sólborg Ósk Kragh**  
GARÐYRKJUFRAEÐINGUR

Sími 895 2766  
solborgosk@gmail.com

Erum á Facebook

## Sendibílar á Suðurlandi

Tek að mér alla almenna flutningsþjónstu  
Heimsendingar - Vörudreifing - Búsíóóafutningar - Ruslaferðir  
Traust og fagleg þjónusta með yfir 20 ára reynslu.

Tómas 820 3880 - keyrsla@keyrsla.is - www.keyrsla.is - f /keyrsla.is

## Berglind ráðin í mannauðsdeild hjá Sveitarfélaginu Árborg

Berglind Harðardóttir hefur verið ráðin mannauðsráðgjafi í mannauðsdeild Sveitarfélagsins Árborgar en hún var valin úr hópi 19 umsækjenda um starfið. Berglind hefur lokið MS gráðu í mannauðsstjórnun og vinnusálfræði frá Háskólanum í Reykjavík og starfað áður hjá Opnum kerfum, nú síðast

sem mannauðsstjóri fyrirtækisins. Sveitarfélagið Árborg er ört stækkandi vinnustaður og kemur þessi ráðning til af því að skapast hefur þörf á auknum mannafla til að sinna þeim fjölbreyttu verkefnum sem heyra undir mannauðsstjóra sveitarfélagsins, segir í tilkynningu á vef sveitarfélagsins. -gpp



## Lifðu lífinu lifandi!

Þegar mamma mín var lítil stelpa lærði hún á píanó. Eitthvað gekk brösuglega fyrir mömmu að læra á píanó eina og píanókennarinn reyndi að kenna henni. Kennarinn vildi að hún lærði að lesa nótur og spilaði eftir þeim. Mömmu fannst hinsvegar mun betra að spila eftir eyranu og hafði mikið og gott tóneyra. Einn daginn fékk kennarinn nóg og sagði við hana „Þú ert bara með hafragraut í hausnum á þér“. Þetta sat lengi í mömmu sem tók auðvitað mark á orðum kennarans og árum saman stóð hún í þeirri trú að hún gæti ekki lært. Ekki bara á hljóðfæri heldur einnig í almennu námi.

Orð geta haft mjög mikil áhrif á líf fólks. Jákvæð orð eru dásamleg og góð að heyra en neikvæð orð er oft erfitt að losa úr huga sínum, jafnvel árum saman. Eflaust hafa þessi orð haft móttandi áhrif á mömmu mína sem gekk í gegnum súrt og sætt á sínum unglings- og fullorðinsárum. Mamma er hinsvegar mögnuð kona og hefur í gegnum tíðina ekki látið orð annarra brjóta sig þannig niður að hún hafi ekki staðið upp aftur. Mamma notaði tónlistina sem hún átti ekki að kunna „samkvæmt“ kennaranum sem leið til að tjá tilfinningar sínar og vinna sig út úr sorg, gremju og óþægilegum tilfinningum en ekki síður til að tjá gleði sína. Um það leiti sem mamma fór á eftirlaun ákvað hún að láta draum sinn rætast og gaf út geisladiskinn „Lítið blóm“. Þetta var draumur sem hún hafði lengi talað um. Við fjölskylda hennar og vinir höfum örugglega ekki alltaf verið mestu klapstýrurnar en ekki gafst hún upp. Hún hélt ótraud áfram þangað til einn daginn að hún var komin með fullbúin disk í hendurnar. Löggin eru sungin af frábærum söngvurum og tónlistin útsett á fallegan hátt. Sumir hefðu gefist upp en ekki frú Vigdís móðir mín. Mamma vildi skilja löggin eftir sig, fullbúin. Því þau segja sögu. Mikilvæga sögu.

Nú er í gangi verkefni á landsvísu sem heitir *Til fyrirmyndar* sem er hvatningarátak tileinkað frú Vigdís Finnboadóttur og íslensku þjóðinni. Mamma er fyrirmyndin mín að svo mörgu leyti. Hún hefur sýnt mér það að sama hvað gengur á í lífinu þá getur maður staðið upp aftur og oft en ekki er maður sterkari í seinni hálfleik lífsins. Lærdómur minn af mömmu er þessi. Ekki láta orð annarra brjóta þig niður í mál, stattu upp og láttu drauma þína rætast og þegar þú lendir í stormi lífsins skaltu muna að leggjast ekki í kör heldur taka því sem verkefni sem þú tekst á við einn dag í einu. Þessa dagana er mamma mín að takast á við stórt þannig verkefni sem hefur áhrif á allt hennar líf. En áfram heldur hún. Mín hvatning til þín kæri lesandi er að þú lifir lífinu lifandi. Njóttu lífsins, syngdu, dansaðu, finndu ilminn af nýslegnu grasi, skrifaðu bréfið, sæktu um námið og/eða skiptu um vinnuna. Gerðu það sem þú þarft að gera til að láta drauma þína rætast. Það er nefnilega ekki of seint.

ÁFRAM ÞÚ!  
Kærleikskveðja,  
Gunna Stella



# GRÆNJAXLINN

## FJÖLMIDLAHÓPUR ZELSÍUZ - 2020

### Stjörnuþá sumaris



Steingeit

22. des - 19. jan

Þú tekur upp á nýju áhugamáli og munt blómstra í því. Þetta áhugamál kemur sér líka að góðum notum í framtíðinni þannig hafðu augun opin fyrir hlutum sem grípa áhuga þinn.



Vatnsberi

20. jan - 18. feb.

Þú átt eftir að komast að því hverjir sannir vinir þínir eru. Mundu bara að standa alltaf með sjálfum þér.



Fiskur

19. feb - 20. mars.

Þú munt þurfa að glíma við allskonar hluti í þessum mánuði. Hafðu í huga að gefast ekki upp og ekki taka hlutum of nærri þér.



Hnútur

21. mars - 19. apríl

Þú hefur verið á fullu upp á síðkastið. Reyndu að slaka á, taktu einn eða tvo daga algjörlega fyrir sjálfan þig og reyndu að taka því rólega.



Naut

20. apríl - 20. maí

Leyfðu öðrum að taka stjórnina í þessum mánuði. Það gæti verið erfitt fyrir þig en það er góð æfing og þú hefur gott af því. Reyndu þitt besta í því sem þú tekur þér fyrir hendur og kannski lærir þú eitthvað nýtt í leiðinni.



Tvíburir

21. maí - 21. júní

Ef þú tekur þig taki og reynir að vera aðeins blíðari manneskja gæti ástin verið nær en þú getur ímyndað þér.



Krabbi

22. júní - 22. júlí

Ekki vera hræddur við að vera þú sjálfur og að koma hugmyndum þínum á framfæri. Þú getur meira en þú heldur.



Ljón

23. júlí - 22. ágúst

Eltu drauminn þinn, þú hefur frábæra hæfileika og nú þarftu bara að trú á sjálfan þig. Þú getur þetta!



Meyja

23. ágúst - 22. sept.

Ekki kvíða framtíðinni, lifðu í núinu. Þú hefur gott af því.



Vog

23. sept - 22. okt.

Ekki leyfa alltaf öðrum að stjórna þér; þú ræður þínu eigin lífi. Taktu áhættu og gerðu eitthvað svakalegt.



Sporðreki

23. okt - 21. nóv.

Júlí á eftir að vera spennandi mánuður í ástarlífinu þínu. Hafðu augun opin því sálufélagi þinn gæti verið nálægt.



Bogamaður

22. nóv - 21. des

Þú átt eftir að fá óvæntar fréttir sem munu breyta lífinu þínu gjörsamlega. Ekki gleyma að njóta lífsins.



### Létt samantekt af 2020

- Kobe Bryant dó í þyrluslysi með 8 öðrum, m.a Gigi Bryant dóttur hans.
- Ástralía lenti í miklum skógareldum sem eyðilagði mikið af nátturunnri þar og drap mikið af dýrum.
- Covid-19...
- Langflest lönd í heiminum fóru í einangrun.
- Viðburðir eins og E3, SXSW, Minecon hátíð og Comic-Con voru frestað.
- Tom Hanks, Rita Wilson, Idris Elba leikari og Placido Domingo söngvari fengu covid-19
- Jakarta flóð, það hafa látist a.m.k 66 manns.
- Hlýnun jarðar er ennþá á fullu.
- Flugslys átti sér stað og það dóu 176 manns út af Iran skaut óvart á flugvélinna.
- Stuðningur fyrir Windows 7 hætti.
- Hlutabréfamarkaðurinn hrundi.
- Yemen stríðið og Sírylenska stríðið er ennþá á fullu.
- NBA tímabilinu var frestað.
- Ameríka lokar öllum landamærum fyrir Evrópu, fyrir utan Bretlandi og Írlandi.
- MLB, NHL, La Liga, Premier League, Bundesliga, Serie A, Champions League og margar aðrar deildir og íþróttaviðburðum var frestað í óákveðinn tíma.
- Ólympíuleikunum var frestað um 1 ár.
- Jarðskjálftar í Utah og Króatíu sem að voru 5,0 á stærð.
- Flugur kallaðar Death Hornets bárust út í heiminn, aðallega samt til Bandaríkjanna og Kanada.
- Eurovision frestað um 1 ár.
- Gene Deich höfundur Tomma og jenna lést.
- Nikita hætti í Grænjaxlinum.
- Skógareldar gerðust nálægt geislavirku svæði.

### Starfsmaður vikunar

Haukur Már Birgisson 13 ára  
 Hvað finnst þér um covid-19? Ömurlegt,  
 en maður lærði allskonar af þessari sóttkví  
 Hvað er uppáhalds disney myndin þín? Lion king  
 Hvað langar þig að verða þegar þú verður stór? Kannski heimsspekingur  
 Hvað er þitt persónulega mottó? Ekkert óþarfa stress  
 Hver er þinn minnst uppáhalds litur? Brúngrár  
 Hvað finnst þér um Selfoss? Finn bæ  
 Myndirðu slá besta vin þinn fyrir 5000 kr? Nei alls ekki  
 Hvað finnst þér um grænjaxlinn? Sniðugt  
 Hvað finnst þér um að homo sapiens séu að deya út? Mjög leiðinlegt og við þurfum að gera eitthvað í því.



### Lag vikunar:

Xue hua piao piao bei feng xiao xiao  
 Flytjandi: Fei Yu-ching

Fylgið okkur!



grænjaxlinn.com



@fjolmidlahopur\_zelsiuz



Grænjaxlinn



# „Dáið er allt án drauma“

Menningarsumarið heldur áfram í Bókakaffinu á Selfossi. Að þessu sinni sækir dagskráin yfirskrift sína í kvæði Nóbelskáldsins, enda munu ljóðin svífa yfir vötnum.

Fjögur ljóðskáld koma fram. Rangæingarnir Brynjólfur Þorsteinsson og Harpa Rún Kristjánsdóttir munu lesa úr væntanlegum ljóðabókum sínum, en árið 2019 hlutu þau bæði verð-

laun fyrir ljóð sín, Ljóðstaf Jóns úr Vör og verðlaun Tómasar Guðmundssonar.

Nöfnurnar Steinunn Sigurðardóttir og Steinunn Arnbjörg Stefánsdóttir lesa einnig auk þess sem sú síðarnefnda mun leika og syngja draumkennda tónlist.

Sem fyrr verður dagskráin flutt tvisvar og takmarkaður sætafjöldi er á viðburðina. Talið

verður inn og eru 25 pláss í boði. Síðast komust færri að en vildu svo fólk er hvatt til þess að mæta tímanlega. Boðið er upp á ókeypis uppáhelling og te meðan á viðburðunum stendur.

Fyrri dagskráin hefst kl. 14 og sú seinni kl. 15. Athugið að um er að ræða sömu dagskrá sem flutt er tvisvar.



## Í garðinum hjá Auði Ottesen

Sumarhúsið og garðurinn var með markað sl. laugardag. Veðrið var með besta mótí og heilmikið að gera. Ýmislegt mátti sjá og heyra. Í góðviðrinu dunaði tangósveifla, en Svanlaug Jóhannesdóttir söng tangó-


ballöður undir harmonikuleik Margrétar Arnardóttur. Á meðan þær sungu fyrir gesti mátti ganga um, kaupa plöntur og fá ráð frá garðyrkjufraeðingum. Þá var heimaspunnið garn til sölu ásamt fleiru. Á bak við húsið

var búið að dekkja borð fyrir gesti þar sem mátti gæða sér á pönnsum og kaffibolla eða ísköldu ístei. Alltaf gaman í garðinum hjá Auði og Páli Jökli.

-gpp



Sunnlenski  
matgæðingurinn



Matgæðingur vikunnar er **Kristín Jóhannesdóttir.**

Takk mín kæra tengdamóðir fyrir áskorunina. Ég er daglegur gestur í eldhúsinu hennar Jónu og leiðist það ekki. Það vill svo til að ég hreinlega elska mat. Framleiða hann (nauta- og lambkjöt), lesa um hann, horfa á hann, nýta hann sem best, elda hann og síðast en ekki síst, borða hann. Ég er með stolna uppskrift að úrbeinuðu og fylltu lambalæri. Það er mikið auðveldara að úrbeina læri en margir halda og fín kennslumyndbönd á YouTube.



### Fyllt lambalæri

1 lambalæri, úrbeinað  
2 dl saxaðar döðlur  
4 hvítlauksrif (má vera meira)  
½ búnt fersk steinselja, söxud  
½ krukka blár fetaostur  
Salt, sítrónupipar og/eða krydd að eigin ósk

Blanda döðlum, hvítlauk, steinselju og fetaosti saman í skál og setja smá olíu af fetaostinum með. Setja fyllinguna svo í kjötið, rúlla því upp og gott að binda saman með sláturgarni. Pensla kjötið með olíu og strá vel af salti og sítrónupipar eða öðru kryddi utan á það. Eldað í eldföstu formi í 160°C heitum ofni í u.þ.b. 2 klst, eða þar til það er meðalsteikt (kjarnhiti 60-65°C). Láta kjötið svo „hvíla“ í smá stund þegar búið er að taka það úr ofninum. Þetta er svo borið fram með brakandi fersku íslensku grænmeti og uppáhaldssósunni.

Ég skora á Ólöfu Guðbjörgu Eggertsdóttur mágkonu mína að vera næsti matgæðingur. Það er alltaf gott að koma í mat í Gilsbakkann. Við bíðum spennst eftir næsta boði. Það verður fljótlega ... er það ekki?

Matgæðingar eru beðnir að senda á [dfs@dfs.is](mailto:dfs@dfs.is) uppskrift ásamt mynd af sér eigi síðar en á sunnudegi.

Margir eiga rabarbara sem er u.þ.b. að spretta úr sér þessa dagana og því upplagt að hafa rabarbarapæ í eftirrétt (það má líka saxa rabarbara og eiga hann tilbúinn í frystikistunni).

### Rabarbarapæ

300 gr. mjúkt smjör  
200 gr. púðursykur  
(ég minnka sykurrinn reyndar yfirleitt um helming)  
400-500 gr. hveiti  
(má líka skipta hluta af hveitinu út fyrir haframjöl)  
150 gr. dökkt súkkulaði, saxað  
400-500 gr. rabbarbari, sneiddur

Mylja saman smjör, púðursykur og hveiti. Setja megnið af deiginu í eldfast form. Þekja með rabarbara, strá súkkulaði yfir og að lokum restinni af deiginu. Baka við 200°C í um 40 mín. Borið fram með ís.

## Rafræn listasýning í Rangárþingi ytra

Krakkarnir í listasmiðju á vegum vinnuskólans í Rangárþingi ytra voru með rafræna listasýningu á þeim verkum sem litið hafa dagsins ljós í sumar. Eins og sjá má á myndunum eru mörg falleg verk að finna. Þeir sem vilja skoða öll verkin geta farið á Facebook-síðu Rangárþings ytra og séð myndirnar. -gpp



**DAGSKRÁIN**  
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

Útgefandi: Dagskráin, Eyraveggi 25, 800 Selfoss, sími 482 1944, [dagskrain@prentmet.is](mailto:dagskrain@prentmet.is).  
Ritstjóri: Gunnar Páll Pálsson, sími 856 0673, [gpp@prentmetoddi.is](mailto:gpp@prentmetoddi.is).  
Auglýsingar: Katla Harðardóttir, sími 482 1944, [skh@prentmetoddi.is](mailto:skh@prentmetoddi.is).

Dagskráin kemur út á hverjum miðvikudegi. Allt efni og auglýsingar berist í Prentmet, Eyraveggi 25, Selfossi, fyrir hádegi á mánudögum. Upplag 9700 eintök.  
Dreift ókeypis í allar sýslur austan Hellisheiar. Dagskráin er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.

ISSN 1670-407X

Svansmerkið, Prentgripur, 1041 0858



Vísnaðgátur-höf. Ármann Dalmanntson - Útg. Bókaútgáfan SKRUDDA

## Gáta vikunnar

Sólkerfum í ég er.  
Ég er lögð í bröttum hlíðum.  
Almenningur um mig fer.  
Alltof fljótt ég hverf í hlíðum.

Svar við gátu í blaði 2554: **VÖLLUR.**

1. lína: **Grasvöllur** - 2. lína: **Leikvöllur**  
3. lína: **Knattspyrnavöllur** - 4. lína: **Íðavöllur**



# AUGLÝSING UM SKIPULAGSMÁL

## Ásahreppur, Bláskógabyggð, Flóahreppur, Grímsnes- og Grafningshreppur og Skeiða- og Gnúpverjahreppur

### Aðalskipulagsmál

**Samkvæmt 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru eftirfarandi mál auglýst til kynningar:**

#### **Skáldabúðir - Virkjanakostur vindorku, Hrótmúla-virkjun - Skipulags- og matslýsing**

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkti þann 10. júní 2020 að kynna skipulagslýsingu vegna breytinga á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2017-2029. Í breytingunni felst skilgreiningar á mögulegum vindorku virkjanakosti í landi Skáldabúða undir heitinu Hrótmúlavirkjun. Framlögð skipulagslýsing tekur til breytingar á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2017-2029, deiliskipulagi fyrir svæðið auk matslýsingu til samráðs um umfang og nákvæmni upplýsinga í umhverfisskýrslu.

#### **Loftstaðir-Vestri - Ferðapjónusta, tjöld og þjónustuhús - Skipulags- og matslýsing**

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkti á fundi sínum 9. júní 2020 að kynna skipulags- og matslýsingu vegna breytingar á aðalskipulagi Flóahrepps 2017-2029 í landi Loftstaða-Vestri. Í breytingunni felst að notkun á 2 ha svæði vestan við íbúðarhús að Loftstöðum- Vestri L165512 er breytt í verslunar- og þjónustusvæði.

#### **Skálabrekka-Eystri - Frístundasvæði - Skipulags- og matslýsing**

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 29. júní 2020 að kynna skipulags- og matslýsingu vegna breytingar á aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015-2027 í landi Skálabrekku-Eystri. Í breytingunni felst að skilgreindir frístundasvæðis flákar innan jarðarinnar Skálabrekku-Eystri L224848 eru sameinaðir í eitt samfellt svæði. Stærð svæðisins helst óbreytt.

### Deiliskipulagsmál

**Samkvæmt 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er kynnt tillaga eftirfarandi deiliskipulagsáætlunar:**

#### **Laugarás - Lauftún garðyrkjustöð - Deiliskipulagsbreyting**

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti þann 14. maí 2020 að kynna og leita umsagna vegna breytinga á deiliskipulagi að Laugarási. Í breytingunni felst að skipulagi lóðar er breytt þar sem komið er fyrir þremur gróðurhúsum, pökkunaraðstöðu, véla- og áhaldageymslu/bílskúr og tveimur starfsmannahúsum. Fyrir á lóðinni eru tvö íbúðarhús. Skilmálar deiliskipulags svæðisins frá 29. des. 2011 halda sér óbreyttir að öðru leyti.

#### **Samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér auglýstar tillögur að eftirfarandi deiliskipulagsáætlunum/breytingum:**

#### **Ás 3 III-2 land (Hestás) - Lögbýli og íbúðarhúsaloðir - Deiliskipulag**

Sveitarstjórn Ásahrepps samþykkti á fundi sínum þann 15. júní 2020 að auglýsa tillögu deiliskipulags vegna lands Ás 3 III-2 land L204647 sem skilgreint er sem landbúnaðar- og íbúðarsvæði innan aðalskipulags Ásahrepps 2010-2022. Innan skipulagssvæðisins er afmörkuð ný 2,21 ha íbúðarhúsaloð sem fengi

staðfangið Reykás. Að auki er afmarkaður byggingarreitur á landinu sjálfu sem verður 12,68 ha eftir landskipti og fyrirhugað að verði gert að lögbýli og óskað er eftir að það fái staðfangið Hestás í stað núverandi staðfangs. Innan byggingarreitanna er gert ráð fyrir að heimilt verði að byggja allt að 300 fm íbúðarhús á tveimur hæðum, allt að 600 fm úthús/skemmu á einni hæð með heimild fyrir 30% millilofti og allt að 100 fm gestahús á einni hæð.

#### **Efri-Reykir - Hótelbygging og baðlón - Deiliskipulag**

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 18. júní 2020 að auglýsa deiliskipulags-tillögu vegna hótels og baðlóns í landi Efri-Reykja. Innan deiliskipulags er gert ráð fyrir að byggð verði baðlón og hótél. Einnig er gert ráð fyrir að byggð verði starfsmannahús innan svæðisins. Málið hefur áður verið auglýst árið 2018 og er nú auglýst á nýjan leik þar sem meira en ár er liðið frá síðustu auglýsingu skipulagsins. Fyrir liggur niðurstaða Skipulagsstofnunar er varðar ákvörðun um hugsanlega matskýldu verkefnisins.

#### **Birkilundur 9-13 Friðheimar - Breyting á aðkomu og sameining byggingareita - Deiliskipulagsbreyting**

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 29. júní 2020 að auglýsa breytingu á deiliskipulagi fyrir Reykholt í Biskupstungum. Í breytingunni felst að gerður er sameiginlegur byggingareitur fyrir lóðirnar Friðheima 1 og Skólaveg 11. Gerð er ný aðkoma að Skólavegi 11 frá Sólbraut, aðkoman er eingöngu ætluð fyrir starfsfólk, fyrir vörumóttöku og vörusendingar. Til að fá svigrúm fyrir nýja aðkoma að Skólavegi 11 eru gatnamót Sólbrautar og Skólavegar færð um 20 m til suðurs, inn á lóð Skólavegar 13. Lóðamörk Skólavegar 13 breytast til samræmis við færslu Sólbrautar og minnkar lóðin um 192 m<sup>2</sup>. Göngustígur er breytt í samræmi við breytingar á Sólbraut og nýjar byggingar.

#### **Kolgrafarhóll - Apavatn 2 - Deiliskipulag**

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 18. júní 2020 að auglýsa deiliskipulags-tillögu fyrir 5 frístundaloðir auk einnar lóðar sem er skilgreind sem landbúnaðarland í landi Apavatns 2, Efra-Apavatns, í Bláskógabyggð. Svæðið sem er um 13,9 ha að stærð er skilgreint í gildandi aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015-2027 sem F20 (frístundabyggð). Aðkoma að svæðinu er um Laugarvatnsveg (37) og Kolgrafarhólsvegi.

#### **Ósbakki - Íbúðarhús, reiðskemma, hesthús, vélar-skemma - Deiliskipulag**

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkti á fundi sínum þann 4. maí 2020 að auglýsa deiliskipulagstillögu í landi Ósbakka í Flóahreppi. Innan deiliskipulagsins eru afmarkaðir byggingarreitir fyrir íbúðarhús og hesthús/skemmu auk þess sem gert er grein fyrir aðkomu.

#### **Hallandi 1A, Hallandi 1 L166234 - Deiliskipulagsbreyting**

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkti á fundi sínum

þann 9. júní að auglýsa breytingu á deiliskipulagi Hallanda 1 og 1A. Í breytingunni felst að skilgreind er lóð utan um byggingarreit A. Lóðin sem þegar er stofnuð, Hallandi lóð L197704, er skráð 1.575 fm en verður 9.090 fm og fær heitið Hallandi 1A eftir breytingu. Byggingarreiturinn breytist óverulega, var 4.852 fm en verður 4.900 fm. Í nágildandi deiliskipulagi er heimilt að byggja allt að 200 fm bílskúr/skemmu og allt að 30 fm baðhús en hámarksstærð íbúðarhússins var ekki skilgreind. Í breytingunni er gert ráð fyrir að hámarksbyggingarmagn innan byggingarreitsins verði 600 fm.

#### **Kiðjaberg Lóð 27 og 28 - Færsla lóðar - Deiliskipulagsbreyting**

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkti á fundi sínum þann 16. júní 2020 að auglýsa breytingu á deiliskipulagi Kiðjabergs. Í breytingunni felst að lega lóðar Kiðjabergs 27 Hlíð breytist með þeim hætti að hún er færð fast upp að lóð nr. 28. Stærð lóðar og byggingarreitir halda sér óbreyttir utan þessarar tilfærslu í samræmi við framlögð gögn. Ástæða breytinganna er lág lega lóðarinnar sem verður til þess að lóðin getur orðið útsett fyrir flóðum úr Hvítá.

#### **Gilvegur 3 í landi Ormsstaða - Deiliskipulagsbreyting**

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkti á fundi sínum þann 16. júní 2020 að auglýsa breytingu á deiliskipulagi vegna Gilvegar 3 í landi Ormsstaða. Í breytingunni felst að heimildir fyrir notkun byggingarefna eru auknar, byggingarheimild sumarbústaðar er aukin úr 100 m<sup>2</sup> í 200 m<sup>2</sup>. Mænishæð er aukin úr 5 m í 6 m. Heimildir fyrir þakhalla eru auknar úr 14-60° í 2-60° auk þess sem heimilað er að byggja tvö smærri hús á lóðinni sem ekki mega vera stærri en 40 m<sup>2</sup>. Heimildum fyrir byggingar innan byggingarreits er breytt í samræmi við það. Skilmálabreytingar taki til skipulagssvæðisins í heild og verði sérstaklega kynnt innan þess í samræmi við bókun skipulagsnefndar og sveitarstjórnar.

Ofangreindar skipulagstillögur liggja frammi til kynningar á skrifstofu skipulagsfulltrúa, Dalbraut 12, Laugarvatni á skrifstofutíma embættisins. Að auki er hægt að nálgast tillögur á vefslóðinni <http://www.utu.is>. Þá eru gögnin aðgengileg á heimasíðum sveitarfélaganna: <https://asahreppur.is/>, <https://www.blaskogabyggd.is>, <https://www.gogg.is>, <https://www.floahreppur.is/> og <https://skeidgnup.is/>.

Skipulagstillögur og breytingar eru auglýstar með athugasemdafresti frá 8. júlí til og með 20. ágúst 2020. Athugasemdir og ábendingar skulu berast eigi síðar en 20. ágúst 2020.

Skipulagstillögur og breytingar eru í kynningu með athugasemdafresti frá 8. júlí til og með 29. júlí 2020. Athugasemdir og ábendingar skulu berast eigi síðar en 29. júlí 2020.

Athugasemdum og ábendingum skal skila skriflega á skrifstofu UTU Dalbraut 12, Laugarvatni eða með tölvu-pósti á netfangið [vigfus@utu.is](mailto:vigfus@utu.is)

Vígfús Þór Hróbjartsson  
Skipulagsfulltrúi UTU



# Það er leikur að læra

Nú eru börnin og starfsfólkið á leikskólanum Undralandi, Flúðum, komin í sumarfrí eftir langan og skríttinn vetur.

Starfið var með hefðbundnum hætti framan af en eins og alþjóð veit fór allt á hliðina í mars en við reyndum að haga seglum eftir vindi og teljum okkur hafa komist vel frá Covid-19 í vetur. Samhugur var í öllum að láta hlutina ganga og þar má sérstaklega nefna jákvæðni foreldra og starfsmanna. Eiga þeir þakkir skilið.

Leikskólinn kennir sig við útikennslu og eins erum við að stíga okkar fyrstu skref í Heilsuefandi leikskóla. Útivist er tvisvar á dag, við förum mikið í gönguferðir um nágrennið og nýtum okkur Kvenfélagskógin og Lækjargarðinn mikið. Heimsóknir á garðyrkjustöðvar eru líka á dagskrá hjá okkur.

Foreldrafélagið stendur vel við bakið á okkur, færir okkur gjafir og það er yfirleitt eitthvað sem við höfum óskað eftir. Það er ómetanlegur stuðningur. Eins hefur foreldrafélagið borgað heimsóknir frá leikhópum og hann Maximús Músíkús kom í heimsókn til okkar í júní.

Þar sem ekki var hægt að hafa sýningu á verkum nemenda í vor ákváðum við að setja listaverk í glugga og eins eru listaverk fyrir utan leikskólann. Sýningin var opnuð 17. júní og vonum við að gestir og gangandi hafi haft gaman af.

Á vordögum erum við með vatnsviku, skógarviku og fjallgönguviku. Þetta vorið hefur verið frekar blautt þannig að dagskráin riðlaðist aðeins en við höfðum vel blauta vatnsviku, förum í skóginn í þokkalegu veðri og Miðfell var síðan klifið 1. júlí. Við dáumst alltaf jafn mikið að börnunum á hverju ári, þau eru ótrúlega dugleg að komast upp á topp og svo auðvitað heim aftur.



Síðasta daginn var síðan hjóladagur, veðrið lék við okkur og allir fóru þreyttir en glaðir í sumarfrí.

Leikskólinn verður lokaður í fimm vikur, opnar aftur þriðjudaginn 11. ágúst.

Sumarkveðjur úr Hrunamannahreppi.



## Dyrhólaey



### Drög að stjórnunar- og verndaráætlun

Undanfarið hafa fulltrúar Umhverfisstofnunar, landeigenda og sveitarfélagsins Mýrdalshrepps unnið að endurskoðun á stjórnunar- og verndaráætlun fyrir friðlandið Dyrhólaey.

Drög að áætluninni eru hér með lögð fram til kynningar. Í áætluninni er lögð fram stefnumótum til 10 ára, ásamt hlaupandi aðgerðaáætlun til þriggja ára.

Dyrhólaey er um 120 metra hár höfði sem gengur í sjó fram við suðurströnd landsins. Syðsti oddi eyjunnar nefnist Tóin og er syðsti landfasti hluti Íslands. Dyrhólaey var friðlýst sem friðland árið 1978 og er hún 151,43 ha að flatarmáli.

Verndargildi Dyrhólaeyjar felst í fjölbreyttu fuglalífi svæðisins, stórbrotnu útsýni og landslagi. Leiðarljós áætlunarinnar er að varðveita samspil landslags, lífríkis og menningar.

Frestur til að skila inn ábendingum og athugasemdum varðandi tillöguna er til og með 1. september 2020. Athugasemdum má skila á heimasíðu Umhverfisstofnunar, með tölvupósti á netfangið [ust@ust.is](mailto:ust@ust.is) eða með því að senda póst til Umhverfisstofnunar, Suðurlandsbraut 24, 108 Reykjavík. Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu Umhverfisstofnunar, [ust.is](http://ust.is).



Mynd: Þórir N. Kjartansson

### Samvinna í lagfæringu á gróðurskemmdum

Í vor komu landverðir á Fjallabaki að skemmdum á mosa-grónu svæði eftir vélsleða. Það getur verið tímafrekt að afmá gróðurskemmdir og var það því vel þegið þegar félagar úr Landsambandi íslenskra vélsleðamanna buðu fram krafta sína ásamt Magneu Magnúsdóttur umhverfis- og land-

græðslustjóra Orku náttúrunnar sem hefur góða þekkingu á lagfæringu á skemmdum á mosa. Aðgerðin heppnaðist vel og tók ekki langan tíma, þökk sé góðri samvinnu.

Skemmdirnar munu að öllum líkindum hverfa með tíð og tíma.



## Dáíð er allt án drauma

— draumkennd ljóðadagskrá og ljúfir tónar

**Bókakaffið**  
Selfossi

12. júlí kl. 14.00 og 15.00



Fram koma ljóðskáldin:

- \* BRYNJÓLFUR ÞORSTEINSSON
  - \* HARPA RÚN KRISTJÁNSDÓTTIR
  - \* STEINUNN SIGURÐARDÓTTIR
  - \* STEINUNN ARNBJÖRG STEFÁNSDÓTTIR
- Steinunn Arnbjörg leikur einnig á selló og syngur

Dagskráin er um 35 mín. og er flutt tvisvar sinnum.

Aðgangur ókeypis. Mætið tímanlega til að tryggja ykkur sæti.



# Vel heppnuð Bryggjuhátið á Stokkseyri

Mikið var um að vera á Stokkseyri um helgina. Þar var bæjarhátiðin Bryggjuhátið á Stokkseyri – brú til brottfluttra. Hátiðin er haldin árlega og fjöldi fyrirtækja og

félaga styrkja hátiðina svo hún verði sem veglegust. Öllu er tjaldað til og bærinn skreyttur og er í sínu fínasta þússi yfir hátiðina. Dagskráin leit við og tók nokkrar myndir af því sem fyrir

augu bar. Á ungum sem öldnum var ekki annað að heyra en að hátiðin heppnaðist vel og um nóg væri að velja af viðburðum.



**DFS.is**  
FRÉTTAVEFUR SUÐURLANDS

Ertu að leita að vinnu á Suðurlandi?

**Ný störf auglýst í hverri viku!**

[www.dfs.is/atvinna/](http://www.dfs.is/atvinna/)

## Söfnin á Eyrarbakka




### Hvernig væri að leggja leið sína á Eyrarbakka og heimsækja söfnin?

Húsið er heillandi og sögufrægt kaupmannsheimili þar sem sögð er meira en 200 ára gömul saga verslunar og menningar.

Sjóminjasafnið hýsir hið merka árskip Farsæl og undraveröld fugla og eggja er í Eggjaskúr. Í litla alþýðuhúsinu Kirkjubæ er sýning um byltingartímana þegar rafliðs kom í hús og fólk eignaðist útvarp og gúmmístígvél.



Ratleikur um allt safnasvæðið er í boði fyrir alla fjölskylduna.



Opið alla daga í sumar frá kl. 11–18.  
sími 483 1504 • info@byggdasafn.is  
[www byggdasafn.is](http://www byggdasafn.is)

**BYGGÐASAFN  
ÁRNESINGA**

Júliferð FEB Selfossi  
fimmtudaginn 16. júlí kl. 10:00

### HRINGFERÐ UM ÖLFUS OG FLÓA

Farið frá Grænumörk kl. 10:00. Komið við í Hveragerði og Hellisheiðarvirkjun þaðan sem ekið verður um Þrengsli, Eyrarbakka, Stokkseyri að Þjórsárveri og lokaviðkomustaður verður Íslenski bærinn í Austur-Meðalholtum. Leiðsögumaður verður Hannes Stefánsson. Verð 9000 krónur greiðist í rútu. Innifalið er rúta, leiðsögn, hádegishressing í Skyrinu Hveragerði, jarðhitasýning í Hellisheiðarvirkjun, „Íslenski bærinn“ þar sem verður boðið uppá skoðun, kaffi, rjómapönnuköku og kleinu. Skráningarlisti liggur frammi í Grænumörk 5, einnig hægt að hringja í Helga í 860 7032, Sirrý í 863 7133 og Þórgím Óla í 698 3100.

(Ath. Þeim sem eru í viðkvæmri stöðu eða finna til veikinda er ráðið frá að skrá sig í ferðina. Hvatt er til fyllsta hreinlætis og bent á að þátttakendur eru á eigin ábyrgð og FEB áskilur sér rétt til að breyta auglýstri dagskrá ef óvænt atvik koma upp).

**Ferðanefnd FEB Selfossi**





# Íþróttir

Efni sendist á dfs@dfs.is

## Gott gengi í Mosfellsbæ

**MÓTOKROSS** Fyrsta umferð Íslandsmeistaramótsins í mótókrossi fór fram 28. júní í frábæru veðri í Motomos í Mosfellsbæ og mætti mikill fjöldi áhorfenda til að fylgjast með keppendum. Mótokrossdeild Selfoss átti þó nokkra keppendur að vanda og komust nokkrir þeirra á pall.

Hörkubarátta var í 85 cc flokki og endaði Eric Máni Guðmundsson í þriðja sæti eftir daginn, þrír efstu í þeim flokki skiptu allir með sér jöfnum stigum eftir daginn og réðust úrslit í þriðja og síðasta mótoinu, Bergrós Björnsdóttir varð hlutskörpust í 85 cc flokki kvenna.

Í flokknum MX2 var mikil barátta um toppsætin. Alexander Adam Kuc hafnaði í þriðja sæti sem er frábær árangur hjá honum en þetta er hans fyrsta sumar í flokknum.

Í kvennaflokki varð Gyða Dögg Heiðarsdóttir í efsta sæti



Bergrós sigraði í sínum flokki.

Ljósmyndir: Umf. Selfoss/Marta Kuc

eftir öruggan sigur í öllum mótoinu dagsins, Ásta Petra Hannesdóttir varð í fjórða sæti og að lokum varð Ragnheið-

ur Brynjólfssdóttir í öðru sæti í flokknum 30+.

-rb



Eric Máni (t.h.) varð þriðji í sínum flokki.



Alexander Adam (t.h.) varð þriðji í sínum flokki.

## Íslandsmeistarar 11-14 ára

**FRJÁLSAR** Meistaramót Íslands í frjálsum íþróttum í flokkum 11-14 ára var haldið um helgina á Sauðárkróki í ágætis veðri en töluverður vindur var þó báða dagana.

Í heildarstigakeppninni stóð lið HSK/Selfoss uppi sem Íslandsmeistari með 943 stig en næsta lið var með 680 stig. Liðið varð einnig hlutskarpast í flokkum 14 ára pílta og stúlkna, 13 ára pílta og 12 ára pílta. Sveitir 11 ára og 13 ára stúlkna urðu í öðru sæti í sínum flokki og 12 ára stelpurnar í fjórða sæti.

Mjög mikið var um bætingar hjá krökkunum en samtals voru 93 skráðar bætingar hjá hópnum en að auki hlupu þau mörg á góðum tíma í sprett- og grindahlaupum en vindur of mikill til að árangur sé löglegur og það sama gildir í langstökki.

Samtals vann liðið til 48 verðlauna, 19 Íslandsmeistararitla, 13 silfurverðlauna og 16 bronsverðlauna. Of langt mál væri að telja

alla verðlaunahafa upp en eftirfarandi urðu Íslandsmeistarar.

Þorvaldur Gauti Hafsteinson í 600 metra hlaupi (13 ára), Oliver Jan Tomczyk í 600 metra hlaupi (14 ára), Veigar Þór Víðisson í 80 metra grind, kúluvarpi og hástökki (14 ára), Kormákur Hjalti Benediktsson í hástökki (11 ára), Hjálmar Vilhelm Rúnarsson í kúluvarpi og spjótkaсти (12 ára), Daníel Breki Elvarsson í spjótkaсти (14 ára), Ísold Assa Guðmundsdóttir í hástökki (13 ára), Helga

Fjóla Erlendsdóttir í hástökki og langstökki (11 ára), Bryndís Embla Einarsdóttir í kúluvarpi og spjótkaсти (11 ára), Álfrún Diljá Kristínardóttir í kúluvarpi (14 ára) og sveitir HSK/Selfoss í 4x100 metra boðhlaupi pílta 12 ára, pílta 13 ára, pílta 14 ára og stúlkna 14 ára.

Upplýsingar um öll úrslit mótsins má finna á vef Umf. Selfoss, www.selfoss.net.

Frábær árangur hjá krökkunum

-þi



Sigursveit HSK/Selfoss að loknu góðu móti á Sauðárkróki

**JÁVERK-völlurinn**

UMF SELFLOSS 1936

KFF

Laugardaginn kl 14:00

**DFS.is**

FRÉTTAVEFUR SUÐURLANDS

Nýjar fréttir á hverjum degi!

## Van Achteren aftur á Selfoss

**KNATTSPYRNA** Knattspyrnudeild Selfoss gekk í seinustu viku frá samningi við belgíska miðju-manninn Jason Van Achteren. Selfyssingar ættu að kannast við Jason en hann lék einnig með liðinu seinni part síðasta sumars við góðan orðstír.



Við bjóðum Jason hjartanlega velkominn aftur á Selfoss.

## Ungu strákarnir afgreiddu Völsung

**KNATTSPYRNA** Selfoss fékk Völsung í heimsókn í 2. deildinni á föstudag. Heimamenn báru sigur úr bytum með tveimur mörkum gegn einu. Það voru ungir strákar á skotskónum en mörk okkar stráka skoruðu Þorsteinn Aron Antonsson og Guðmundur Tyrfingsson.

Að loknum þremur umferðum hefur Selfoss 6 stig í fjórða sæti deildarinnar. Liðið sótti Hauka heim í gær og tekur á móti Fjarðabyggð á JÁVERK-vellinum á laugardaginn kl. 14:00.

## Góður sigur í Garðabæ

**KNATTSPYRNA** Selfoss fór í heimsókn í Garðabæinn í seinustu viku þar sem liðið mætti Stjörnunni í Pepsi-Max-deildinni. Selfoss sigraði með fjórum mörkum gegn einu marki heimakvenna. Dagný Brynjarsdóttir og Magdalena Anna Reimus voru á skotskónum og settu báðar tvö mörk í leiknum.

Með sigrinum lyfti Selfoss sér upp í 4. sæti deildarinnar með sex stig eftir fjór-ur umferðir.

UMF SELFLOSS 1936

**Leikmenn mánaðarins**

Knattspyrnudeild Selfoss

Júlí 2020

UMF SELFLOSS 1936

Thelma Sif Árnadóttir  
Leikmaður 7. flokks kvenna

Skúli Arnbjörn Karlson  
Leikmaður 7. flokks karla

selfossfotbolti

selfoss.net/knattspyrna



## Útsýnispallur opnaður við Hrafnagjá



Myndina tók Örn Grétarsson.

Í síðustu viku opnaðu Guðmundur Ingi Guðbrandsson umhverfisráðherra, Vilhjálmur Árnason varaformaður Þingvallanefndar og Einar Á. E. Sæmundsen þjóðgarðsvörður á Þingvöllum fyrir aðgengi að nýjum útsýnispalli við Hrafnagjá í austanverðum þjóðgarðinum á Þingvöllum. Útsýnisstaðurinn er sérstaklega glæsilegur og útsýnispallurinn veglega byggður og af honum blasir við nýtt sjónarhorn yfir sigdældina frá austri til vesturs. Blíðaskaparveður var við athöfina og útsýnið því stórfenglegt yfir sigdældina til vesturs.

Landslag ehf. hannaði mannvirkið en smíðin og framkvæmdin var í höndum Andra Þórs

Gestssonar húsasmíðameistara og Kolbeins Sveinbjörnssonar verktaka á Heiðarási. Kostnaður við framkvæmdina nam um 19 m.kr og er verkefnið á verkefnaáætlun um landsáætlun um uppbyggingu innviða.

Að lokinni opnun á útsýnispalli við Hrafnagjá var farið í

gestastofu á Hakinu þar sem kynning var á fyrstu hugmyndum í deiliskipulagi á mest heimsóttu svæði þjóðgarðsins sem nær frá Valhallarreitnum að þjónustumiðstöð á Leirum. Meginmarkmið í deiliskipulagi er að draga úr umferð neðan við Almannaagjá en skipuleggja megin aðkomu og bílastæði ofan við og meðal annars eru komnar fram hugmyndir um nýja aðkomu að þingstaðnum forna um nýja gönguleið fram af brún Almannaagjár norðan við Öxarárfoss.



## Lára Bergljót ráðin skólastjóri Bláskógaskóla í Reykholti



Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum að ráða Láru Bergljótu Jónsdóttur í stöðu skólastjóra Bláskógaskóla Reykholti. Lára Bergljót hefur gegnt stöðu aðstoðarskólastjóra Bláskógaskóla Reykholti frá árinu 2017 og starfað sem grunnskólakennari í 18 ár þar á undan. Þrjár umsóknir bárust um skólastjórastöðuna. Ráðningin tekur gildi 1. ágúst nk. -gpp



## Símtöl og samkomur á vegum fjölskyldusviðs Árborgar

Framhald af verkefni sem félagsmiðstöðin Zelsúz var með á tímum samkomubanns heldur áfram á komandi vikum.

Starfsmenn fjölskyldusviðs Árborgar munu hringja í eldri borgara og benda á skemmtilegar samkomur og viðburði ásamt almennu spjalli. Markmið Árborgar er að stuðla að minni félagslegri einangrun og er verkefnið styrkt af Félagsmálaráðuneytinu.

Alla miðvikudagsmorgna út júlí kl. 11 í Sigtúnsgarði er Qigong leikfimi með Bryndísi Guðmundsdóttur, jógakennara. Qigong er ævagömul kínversk leikfimi sem byggist á öndun og slökun og eflir lífsorkuna.

Fimmtudagana 2. 9. og 16. júlí kl. 10 verða hittingar við Lappset æfingatekin hjá Grænumörk 5 en þar verða starfsmenn fjölskyldusviðs. Viljum við þó benda á að fólk er á eigin ábyrgð.

Boðið verður upp á skemmtiferðir seinna í sumar, eldri borgurum að kostnaðarlausu. Ferðirnar verða auglýstar þegar nær dregur.



## ICECOOL

Bifreiða- og breytingaverkstæði

Gagnheiði 51, Selfossi - Sími 482 1361 - gunni@icecool.is

Nú er tími til kominn að koma með ferðavagnana



## Viðskiptavinir athugið!

Vegna sumarleyfa verður heimilistækjaverkstæði okkar lokað 17. júlí - 31. ágúst.



www.arvirkinn.is - Eyraveggi 32, Selfossi - Sími 480 1160

# RISA PRENTUN

A0 • A1 • A2 • LJÓSMYNDIR  
VINNUTEIKNINGAR • PLAKÖT  
RÚLLUSTANDAR



prentmet  
HRADI - GÆÐI - ÞJÓNUSTA

SÍMI 482 1944  
SELFLOSS@PRENTMET.IS  
EYRAVEGUR 25, SELFLOSS



Toyota Selfossi

## Óskar eftir Verkstjóra

Toyota á Selfossi auglýsir eftir bifvélavirkja í fullt starf á viðgerða- og þjónustuverkstæði.

### Starfssvið:

Almennar viðgerðir og þjónusta á bifreiðum, persónuleg ráðgjöf og þjónusta við viðskiptavini. Utanum hald verka og skýrslugerðir. Aukahlutaásetning og standsetningar.

### Menntunar- og hæfniskröfur:

Menntun í bifvélavirkjun er skilyrði. Viðkomandi þarf að vera stundvís, jákvæður, sjálfstæður í vinnubrögðum, eiga auðvelt með að vinna með öðrum, geta unnið undir álagi og vera með ríka þjónustulund. Hafa gott vald á íslensku og ensku. Góð tölvukunnátta og reynslu af bilanagreiningum. Farið er fram á snyrtimennsku og góða umgengni

Umsóknir má senda með tölvupósti á netfangið: gummi@toyotaselfossi.is

Upplýsingar veitir Guðmundur Kristinn í síma 480-8010/664-8009 eða á staðnum.

Hjá Toyota á Selfossi starfar um 15 manna samheldinn hópur í glæsilegu húsnæði þar sem vinnu og starfsmannaaðstaða er til fyrirmyndar.



## FUNDIR

KRABBAMEINSFÉLAG  
ÁRNESÝSLU

Símatími alla virka daga  
frá kl. 13:00 til kl. 16:00  
sími 788 0300.

## Al-Anon Selfossi

Al-Anon fundir á þriðjudögum  
kl. 20:00, nýliðafundur  
kl. 20:30 fundur, Hrísholti 8

## Al-Anon

Al-Anon fundur - Einn dagur  
í einu. Laugardagsmorgnum  
kl. 10, Hrísholti 8, Selfossi.

## AA

Mán. kl. 21 - AA fundur  
Þrið. kl. 12:05 - AA fundur  
Þrið. kl. 19 - AA konufundur  
Mið. kl. 19:30 - AA fundur  
Fim. kl. 20 - AA karlafundur  
Fös. kl. 20:30 - AA fundur  
Lau. kl. 21 - AA Opinn fundur  
Sun. kl. 11 - AA fundur  
Sun. kl. 21 - AA fundur  
AA Hrísholti 8, Selfossi.  
Nánari upplýsingar á aa.is.

AA Sporgöngufólk f. alla  
Bókasafn

Hafnarberg 1 - 815 Þorlákshöfn  
Klukkan 10:30-11:30 Sunnudag.

AA opin fundur f. alla  
Kirkjan kjallari

Skálholtsbraut - 815 Þorlákshöfn  
Klukkan 20:00 Fimmtudag.

## CoDA

Bataleið frá meðvirkni  
Fundir alla laugardaga  
kl. 10:30.

Hrísholti 8, Selfossi.  
Nánari upplýsingar á coda.is.

## Leiðin út á þjóðveg

Fundur í Rauðakrosshúsinu  
Hveragerði, efri hæð,  
fimmtudaga kl. 20:30.

## BÍLAR

KIETTUR  
Bifreiðaverkstæði

Sími 482 4012, Hrísmýri 3, Selfossi

Þjónustuskóðanir Heklu-bifreiða og  
almennar bílavíðgerðir.  
Hjólástillingar



Dekkja- og smurþjónusta  
Sími 482 4069



Gagnheiði 11  
800 Selfossi  
Sími 482 2200  
GSM 894 2277  
Fax 482 2777

Yfirbyggingar - Réttingar  
Bílamálun - Rúðuskripti

## TAPAFUNDIÐ

Gleraugu töpuðust  
- FUNDARLAUN -

Gleraugu töpuðust í Þorlákshöfn, Hveragerði eða á Selfossi um miðjan júní. Þau eru margskípt, brúnleit og dökkna í sól. Dýr gleraugu sem sárt er saknað. Fundarlaunum heitið. Finnandi getur skilað þeim í afgreiðslu Prentmets Odda á Selfossi að Eyravegi 25 eða hringt í eigandann í síma 869 8795.

## ÞJÓNUSTA



S: 662-1122

Daglegar ferðir  
SELFOSS - REYKJAVÍK  
SUÐURLAND

## ICECOOL

Bifreiða- og breytingaverkstæði  
Gagnheiði 51, Selfossi

Sími 482 1361 - gunni@icecool.is



Bókhald • Framtöl • Skattskil  
Launavinnsur • Ráðgjöf o.fl.

Austurvegur 6 - 800 Selfoss  
Sími 482 3755 - kjarna@centrum.is

Ráð í rekstri !

## Hjá Maddy ehf.

Eyravegi 27 - 800 Selfoss  
s. 482 3454 - maddy@maddy.is

Bókhald - ráðgjöf  
skattskil

Þjónusta við  
einstaklinga og  
fyrirtæki

Persónuleg þjónusta

## Gröfupjónusta

Tökum að okkur alla almenna gröfu þjónustu. Gröfum fyrir palli/skjólvegg, húsagrunnum o.fl. Við getum komið með efni, fjarlæggt efni, tyrft ásamt því að taka að okkur palla-smíði. Endilega sendu okkur línu til að fá tilboð. Byggdarhorn801@gmail.com s: 772 7113 eða 775 1581 Kristján og Lilja.

## ÓSKA EFTIR

ERTU SPÆNSKUMÆLANDI? Óska eftir að spænskumælandi aðili hringi í mig. EKKI er þörf fyrir menntaðan túlk. Aðeins spænskumælandi einstakling sem talar spænsku nokkurn veginn skammlaust. Uppl. síma 482 3568.



Sími 482 1944  
dfs@dfs.is

## KIRKJUR

## Selfoskirkja

Messa í Selfoskirkju sunnudaginn 12. júlí kl. 11. Verið öll velkomin til góðrar stundar í Selfoskirkju nk. sunnudag kl. 11. Sr. Gunnar Jóhannesson þjónar fyrir altari og prédikar og kór Selfoskirkju leiðir safnaðarsönginn undir stjórn Esterar Ólafsdóttur organista.

## Skálholtsdómkirkja

Messa sunnudag kl. 11. Sr. Egill Hallgrímsson annast prestsþjónustuna. Organisti er Jón Bjarnason. Í messunni verður leikin tónlist frá sumartónleikum helgarinnar.

## Aðventistar

Safnaðarheimili aðventista, Eyravegi 67, Selfossi, 11. júlí, Biblíurannsókn kl. 11 og guðsþjónusta kl. 12. Verið velkomin.

## Hvítasunnukirkjan Selfossi

Sunnudaga kl. 11. Samkoma, barnastarf og kaffiveitingar. English translation available. Allir innilega velkomnir. www.selfossgospel.is.

## Fossbúar á ferð og flugi



Rúmlega 60 skátar skemmtu sér við leik og störf í vorútilegu Fossbúa á Úlfjótuvatni helgina 26.-28. júní. Að venju markar vorútilegan lok starfsársins hjá félaginu en var þó mánuði seinna en venjulega vegna COVID-19.

## Blómlegt starfsár hjá Fossbúum

Í samtalia við Ingu Úlfsdóttur hjá Fossbúum kemur fram að Þegar litið er yfir starfsárið sést hve skátastarfið er fjölbreytt. „Fossbúar tóku þátt í alls kyns skátavíðburðum, fóru í skálaferðir, útbjuggu rafræna ratleiki, héldu

sína árlegu kvöldvöku í Sunnu-lækjarskóla, heimsóttu Brunavarnir Árnassýslu, hittu vinasveit í skátafélaginu Árbúum, sóttu námskeið, ungmenningar og skátapung. Síðast en ekki síst fjölmenntu þeir á Úlfjótuvatni í nóvember þar sem félagsútilega var haldin með dyggum stuðningi foreldra,“ segir Inga. Nú er komið hlé á starfið þar til í haust og Fossbúar leggja varðeldaskikkjunum og skátaklúttunum tímabundið á hilluna, safna kröftum fyrir komandi starfsár og hlakka til endurfunda í september.

## Sögubrot úr Árborg

## - Frásagnir af Þuridarbúð á Stokkseyri

Að glíma við sjóinn var ein áf höfuðraunum manna á Íslandi fyrir á öldum. Það var ekki fyrir alla enda stór hættuleg iðkun og hafið tók líka en ekki bara gaf. Þetta var mjög karllægur heimur, vinnumenn voru sendir í verbúðir um vetur eða árla vors til fiskjar til að vinna fyrir búi og launum sínum frá bóndanum. Þó að sjómennskan hafi verið karllæg stétt í gegnum tíðina þá er ein okkar mesta hetja sjávarins Þuríður Einarsdóttir; sem ávallt var kölluð Þuríður formaður. Þuríður fæddist að Rana-koti í Stokks-eyrarhreppi. Hún fór ung til sjós, þar sem hún var elst af systkinum hennar og faðir hennar var rúm- liggjandi með holdsveiki, eins og hún segir í æviminningum sínum.



fyrir Þjorsárhraunið til að komast í góð fiskimið. Einnig vissu reyndir veiðimenn af stöðum þar sem Þjorsárhaunið myndaði vikur hjá sér sem einnig voru kallaðar holur, voru þær iðandi af lífi.

Eitt sinn þegar Þuríður var að róa undir Jóni í Móhúsum gerði skyndilega ofsaveður. Það gerði svo að einn af bátunum sem voru úti til veiða festist á grynninum við eitt skeríð. Báturinn sem var á eftir náði að bjarga megninu af áhöfninni en þó náðu þeir ekki að ná öllum úr bátunum vegna hræðslu um að báturinn sem bjargað var í myndi sökkva.

Ekki vitum við hvort Jón og Þuríður voru á sithvorum bátunum en samkvæmt heimildum þá var skiptust þau á milli sín orðum um þá sem voru eftir. Jón var ekki á því að hætta sínum mönnum og bátum í að bjarga þeim. En þá tók Þuríður ábyrgð á bátunum sem hún var í og áhöfn til að bjarga þessum sem eftir voru í sjálfhældu. Náði hún með mikilli þrautseigju að bjarga mönnum þessum. Þó sýnist að það hafi myndast einhver ríður á milli þeirra Jóns frá Móhúsum og Þuríðar, þar sem Þuríður fór sjálf að vera formaður og náði í sumum tilfellum að veiða meira en Jón. Má bera til vitnis um það niðvísar sem Jón gerði um Þuríði og áhöfn hennar. Einnig þá fékk Jón viðurkenningu á að hafa bjargað þessum mönnum

sem lentu í sjálfhældu. Það má reikna með því að Þuríður hafi ekki verið ánægð með að hafa ekki fengið viðurkenninguna sjálf. Í almenningssögu er Þuríður oft nefnd í kjölfar eins mesta ráns sem góðar heimildir eru af á 19. öld. Kambránið á að hafa verið framið 9. febrúar 1827 þegar fjórir menn ruddust inn á Kamb, bundu niður allt fólk innanhúss og námu á brott með sér mikið fé eftir að hafa ógn- að bóndanum með barsmíðum og lífláti. Ekki munum við fara nánar út í það mál en að gera langa sögu stutta þá kannaðist Þuríður við það sem þjófarnir skildu eftir sig enda höfðu þeir allir á einhverjum tímabili róið undir Þuríði. Þessar upplýsingar gerðu stjórnmöldum síðan kleift að handsama þjófana.

Síðustu ár Þuríðar voru nokkuð þröng en með þrjúsku og stolti þá náði hún sér í gegnum erfðisárin. Hún sótti um ellistyrk til konungs þar sem hún vildi ekki vera tekin sem ómagi af sveitinni. Á það hún um að ráðamenn myndu senda hana út til Danmerkur en ekki hefur höfundur þessarar greinar fundið lýsingar eða góðar heimildir um að það hefði gerst.

Ef fólk langar að vitja leiða Þuríðar formanns þá er kjörið að byrja í Þuridarbúð á Stokkseyri og ganga meðfram nýja stígnum til Eyrarbakka þar sem hún mun hafi gengið ófá skipti.

Það er merkilegt í sögu Íslands að kvenhetja frá 19. öld hefur sett sinn svip á samfélagið. Þuríður er þar alveg sérstök, með sinni visku, kjarki og góðri stjórnun fékk hún virðingu frá næstu kynslóðum og lifir sú virðing ennþá.

Þórolfur Sigurðsson,  
sagnfræðinemi  
tók saman.



# Spennandi ljósmyndasýning á Stokkseyri með íbúum sveitarfélagsins

Ákaflega spennandi ljósmyndasýning er nú í Gallery Stokk á Stokkseyri. Sýningin ber nafnið *Heima* en það er Hanna Siv Bjarnardóttir sem heldur sýninguna. Hanna Siv heimsótti nokkra af eldri íbúum Stokkseyrar og tók myndir af þeim á heimili sínu og af hluta heimilis þeirra. Sýningin byrjaði sem skólaverkefni í Ljósmynda-skólanum en vatt svo upp á sig.

## Ætlar að reyna að mynda alla Stokkseyringa 60 ára og eldri

„Þetta byrjaði sem verkefni þegar ég var í ljósmynda-skólanum. Þá fór ég heim til nokkurra og tók af þeim portrett myndir og myndaði heimilin þeirra. Svo þróaðist þetta út í það að ég ákvað að reyna að mynda alla Stokkseyringa 60 ára og eldri. Ég er ekki búin að því ennþá en það er planið að gera bók með öllum og sýningin núna er hluti af því verkefni.“ segir Hanna Siv. Aðspurð að því hvernig fólk taki henni segir hún að flestir taki verkefninu ótrúlega vel. „Ég vona að ég fái engin nei á



endanum, nokkrir hafa sagt nei, en svo hef ég fengið að koma seinna. Auðvitað fer þetta eftir því hvernig stendur á hjá fólki. Sumir hafa áhyggjur af því að ég sé að fara að mynda draslið, en þegar ég sýni fólki hvað ég er að fara að gera þá kviknar áhuginn.“ segir Hanna Siv.

## Sýningin sýnir persónuleika fólks

Sýningin er byggð upp af portrett myndum af fólkinu og svo portrett af heimilum þeirra sem hún heimsækir „Mér finnst það

pínu sýna persónuleika fólks, hverju þú safnar að þér og hverju þú heldur eftir. Ég kannast við allt fólkið sem ég heimsótti en hafði komið heim til fæstra. Það er sérstök upplifun að koma í heimsókn til alls þessa fólks og sjá hvernig þau hafa komið sér fyrir.“ segir Hanna Siv að lokum. Það er óhætt að mæla með því að gera sér ferð niður á Stokkseyri og líta við *Heima* hjá fólkinu sem þar býr. Einkar persónuleg og skemmtileg sýning frá mannlífínu á Stokkseyri.

-gpp



## Séra Önundur grillaði fyrir vinnuskólann í Rangárfingi eystra

Annar dag júlímánaðar dró séra Önundur fram grillið og bauð ungmennum í vinnuskóla Rangárfings eystra í grillveislu á Breiðabólstað hjá séra Önundi S. Björnssyni og Kristjönu Þráinsdóttur sambýliskonu hans. Ungmennin voru búin að hreinsa og snyrta svæðið í kringum kirkjuna í bliðunni í gær og í dag. Séra Önundur er að láta af störfum en hann hefur verið prestur á Breiðabólstað í 22 ár.

Hann mun ferma í lok sumars þau börn sem áttu að fermast síðastliðið vor.

Í vinnuskólanum eru rúmlega 40 ungmenni og hafa þau verið dugleg við að fegra sveitarfélagið síðan í byrjun júní. Flest þeirra starfa út júlí. Á myndinni er hópurinn ásamt séra Önundi og Kristjönu við Breiðabólstaðarkirkju og allir lukkulegir á svip, saddir og sælir.

-gpp

## Leikhópurinn Lotta slær í gegn á Klaustri



Leikhópurinn Lotta mætti á Kirkjubæjarklaustur þann 2. júlí sl. Sýningin var á tjaldsvæðinu við Kirkjubæ II. Um 100 manns mættu á sýninguna. Það voru engir aðrir en Bakkabræður og föruneyti þeirra sem gladdi áheyrendur, en sýningin var þeim að kostnaðarlausu en hún var í boði Skaftárhrepps og Mýrdalshrepps. Mynd: Skaftárhreppur.

Tryggðu þér fróðlegt ár

SUMARHÚSIÐ & GARÐURINN



Viltu eiga með okkur fróðlegt ár með einstaklega flottu og fróðlegu timariti sem er alltaf í takt við tímann. [www.rit.is/askrift](http://www.rit.is/askrift)

Smelltu þér í áskrift!

Sími 578 4800 og [www.rit.is](http://www.rit.is)





### Vitaleiðin komin á kortið – spennandi ferðalag með suðurströndinni

**Vitaleið** Selvogsviti - Hafnarnesviti 18 km  
Hafnarnesviti - Knarrarósviti 27 km



Vitaleiðin er verkefni sem er búið að vera í undirbúningi hjá Markaðsstofu Suðurlands, sveitarfélögunum Ölfusi og Árborg í samvinnu við hagsmunaaðila á svæði leiðarinnar. Fjöldi aðila kom saman að móttöku verkefnisins og leiðarinnar sem er nú orðin ákjósanlegur og spennandi kostur á suðurströndinni, hvort sem er fyrir innlenda eða erlenda ferðamenn. Nafngift verkefnisins kemur til vegna vitanna, Selvogsvita og Knarrarósvita sem marka upphaf og endi leiðarinnar. Þá er þriðji vitinn á leiðinni, Hafnarnesviti í Þorlákshöfn.

sína sérstöðu; Þorlákshöfn, Eyrarbakka og Stokkseyri. Vitaleiðin dregur fram þá miklu sögu og menningu sem er til staðar á svæðinu sem og alla upplifunarmöguleikana í afþreyingu og náttúru. Vitaleiðin er um 45 - 49 km leið, fer eftir ferðamáta, sem nær frá Selvogi að Knarrarósvita.

**Mikil afþreyingartækifæri í boði**  
Vitaleiðin býður þér upp á að vinda ofan þér með aðstoð kyrrðarinnar í náttúrunni en um leið orkuna frá Atlantshafinu. Á Vitaleið getur þú upplifað miðnætursólina og kyrrðina þar sem aðeins heyrast sjávar- og fuglahljóð. Þú getur upplifað birtuna í myrkri þegar stjörnuþjartur himinn skín, tunglið endurspeglast í hafinu og norðurljósin dansa. Á Vitaleiðinni getur þú sogað í þig þá merku sögu verslunar, mannlífs og sjósóknar sem hefur mótað þorpin við ströndina gegnum aldirnar. Fjölbreyttir afþreyingarmöguleikar eru á Vitaleið, sundlaugar, kajakróður, hestaleigur, hesthúsaheimsóknir, söfn, gallerý, rib-bátar og fjórhjól svo að dæmi séu nefnd. Veitingastaðir eru í öllum þorpunum með möguleikum á gómsætri matarupplifun. Stúgar, strandlengjan og útivistarsvæði á Vitaleið opna þér nýja veröld sem þú átt seint eftir að gleyma!

**Ný nálgun á ferðamennsku**  
„Það sem tekist hefur að gera hér er að sameina þá ólíku þætti menningar, sögu og afþreyingar og búa til heildarpakka sem innifelur allt. Á leiðinni er hægt að láta sjóinn pusa yfir sig á RIB-safaribát, eða njóta þagnar-

innar við hafið og horfa á brimíð. Heimsækja söfn eða gallerý og njóta matarmenningarinnar sem svæðið hefur upp á að bjóða sem dæmi. Hér er úrval áfangastaða komið saman í eina samhangandi perlufesti sem liggur meðfram hafinu,“ segir Laufey að lokum. -gpp

**Vel heppnaður áfangastaður, steinsnar frá borginni og flugvellinum**  
„Verkefnið er afar spennandi og er þróað af hagsmunaaðilum á svæðinu sem gjörþekkjast sitt næsta umhverfi í samvinnu við Markaðsstofu Suðurlands. Niðurstaðan er afar vel heppnaður „nýr“ áfangastaður á Suðurlandi. Hann er nýr að því leyti að nú er komin áhugaverð keðja sem hægt er að fylgja frá upphafi til enda þar sem allir ættu að finna eitthvað við sitt hæfi. Vitaleiðin er steinsnar frá borginni og flugvellinum og tilvalið að aka hana sem leið liggur beint inn á Suðurlandið þegar komið er frá Keflavík,“ segir Laufey Guðmundsdóttir, verkefnastjóri hjá Markaðsstofu Suðurlands í samtali við Dagskrána.

**Ferðaleið sem beinir athygli að þorpunum og svæðinu við sjóinn**  
Á Vitaleiðinni heimsækir ferðamaðurinn þrjá bæi, hver með

**FROST**  
KÆLIKERFI - FRYSTIKERFI  
HÖNNUN - SALA - ÞJÓNUSTA  
HÁHEIDI 9, SELFOSSI - Sími 464 9400 - WWW.FROST.IS

BRACAF  
VINÁTTU!

Fæst hjá  
**BYKO** Selfossi

**expert**  
kæling

Sími 660 2970

Uppsetn. og viðhald á kæli- og frystikerfum  
Ísskápvíðgerðir - Almennar raflagnir

**VÉLSMÍÐJA**  
**SUÐURLANDS ehf**  
Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980

Efnissala  
Rennismiði  
Innréttingar  
Járnsmiði

Gagnheiði 5, Selfossi  
Sími 482 1980

**DFS.IS**

Fáðu tilboð í  
auglýsingapakka í  
blaðið og á vefnin!

Sími 482 1944  
dfs@dfs.is

**Hjólbarðapjónusta**  
**Magnúsar**  
Gagnheiði 25 - Sími 482 2151

Hjólbarðar  
Smurpjónusta  
Betri vörur - betra verð

VANTAR ÞIG  
IÐNAÐARMENN

FAGVERK  
EIGNAUMSJÓN

TRÉSMÍÐAR • PÍPULAGNIR  
RAFVIRKJUN • MÚRVERK  
MÁLUN • SÓLPALLAR  
HELLULAGNIR • VÉLALÆIGA

Sími 561 8080 • fverk@fverk.is

**Sprettur**  
ÁBURÐUR

Skeljungur  
Lúðvík Bergmann, Viðskiptastjóri  
GSM: 840 3009

**Rétting**  
og málun

Vottað rétttingaverkstæði  
Cabas tjónaskoðun

Breiðumýri 1, Selfossi  
480 8020

**Bílasprautun - Bílaréttingar**  
Bílrúðuskipti

Bilverk BA  
- þar sem fagmennirnir vinna  
★★★★★ Vottað verkstæði  
Gagnheiði 3 - Selfossi  
Sími 482 2224 / 899 5424 - bilverkba.is

**Stálsmiði**

- Stálinnréttingar  
- Stálfestingar  
- Ákeysrluvarnir  
- Sérsmiði

**Andraco ehf**  
Lynghæð, Urriðafossvægi, 803 Selfossi.  
Andri64@simnet.is | Sími 868 5876

**FYLGD**  
Útfararþjónusta

Gisli G. Guðmundsson Svanhildur Eiríksdóttir Elfar F. Sigurjónsson

Vistvænar íslenskar kistur, krossar og legsteinar

Sími 482 4300 • www.fylgd.is • fylgd@fylgd.is

**Lagnapjónustan ehf**

Pípulagnir - Efnissala  
482 2311 696 2311  
Skrifstofa Þjónustusími

25. ára

**BÓNÆÐGAR**

Gagnheiði 51 - Selfossi  
Símar 482 2327 - 848 2327  
- Sækjum og skilum -

**NÝTT**

Vinnuvélanámskeið  
á netinu!

www.vinnuvelaskolinn.is